

Miðvikudaginn 27. nóvember 1974.

Nr. 201/1974: **Eiríkur Ketilsson**

gegn

**Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs og til
réttargæslu dómsmálaráðherra og yfir-
borgarfégetanum í Reykjavík.**

Dómendur:

**hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snæ-
varr, Björn Sveinbjörnsson, Einar Arnalds og Logi Einarsson.**

Kærumál. Frávísunardómur staðfestur.

Dómur Hæstaréttar.

Með kærú 25. október 1974, sem barst Hæstarétti 19. nóvember s. á., hefur sóknaraðili samkvæmt heimild í 21. gr., 1. tl. b, laga nr. 75/1973 skotið til Hæstaréttar frávísunardómi bæjarþings Reykjavíkur, uppsögðum 9. október 1974. Krefst hann þess, að hinn kærði dómur verði felldur úr gildi. Þá krefst hann og kærumálskostnaðar.

Af hálfu varnaraðilja, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, og réttargæslustefndu, dómsmálaráðherra og yfirborgarfégetans í Reykjavík, er krafist staðfestingar hins kærða dóms og kærumálskostnaðar.

Með skírskotun til forsendna hins kærða dóms ber að staðfesta hann.

Rétt er, að sóknaraðili greiði varnaraðilja, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, kærumálskostnað, er ákveðst kr. 15.000.00.

Ekki eru efni til að dæma réttargæslustefndu kærumálskostnað.

D ó m s o r ð :

Hinn kærði dómur á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, Eiríkur Ketilsson, greiði varnaraðilja, fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs, kr. 15.000.00 í kærumálskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 9. október 1974.

Mál þetta, sem tekið var til dóms eða úrskurðar hinn 2. þ. m., hefur Eiríkur Ketilsson stórkaupmaður, Vatnssstíg 3, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 11. mars 1971, á hendur fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, dómsmálaráðherra og yfirborgarfégeta í Reykjavík til greiðslu á kr. 250.000.00 með 1% dráttarvöxtum á mánuði hverjum frá 8. desember 1969 til greiðsludags, kr. 20.000.00 í málskostnað, útlagt vegna bæjarþingsmáls Reykjavíkur nr. 33/1970, kr. 6.260.00 vegna útlagðs kostnaðar við fjárnámsmálin í Reykjavík, A 1193/1970 og A 1194/1970, samtals að höfuðstól kr. 284.260.00 „ásamt ofangreindum vöxtum af tilgreindri fjárhæð og málskostnaði að skaðlausu, þó eigi lægri en skv. lágmarkstaxta L. M. F. Í.“

Stefndu gera þær kröfur, að þeir verði sýknaðir af öllum kröfum stefnanda og þeim tildæmdur málfærslukostnaður fyrir dómnum samkvæmt lágmarksgjaldskrá L. M. F. Í. auk alls annars kostnaðar.

Jóni Hallssyni bankastjóra hefur verið stefnt til réttargæslu vegna Alþýðubankans h/f, áður Sparisjóðs Alþýðu, Laugavegi 31 hér í borg, svo og Júlíusi Helgasyni, Sogavegi 172 hér í borg.

Reynt hefur verið að koma á sáttum í máli þessu, en sú viðleitni hefur eigi borið árangur.

Málavextir eru þessir:

Í 17. tölublaði, 20. tölublaði og 23. tölublaði Lögbirtingablaðsins árið 1969 var auglýst nauðungaruppboð á hluta í Sogavegi 172, Reykjavík, þinglesinni eign réttargæslustefnda, Júlíusar Helgasonar. Téð tölublöð Lögbirtingablaðsins hafa útgáfudagana 4. mars, 13. mars og 19. mars 1969. Einnig var nauðungaruppboð þetta auglýst í Morgunblaðinu.

Tvö uppboð fóru fram á nefndum eignarhluta (risibúð) Júlíusar Helgasonar að Sogavegi 172. Hið fyrra fór fram eftir kröfu Sparisjóðs Alþýðu hinn 28. maí 1969. Viðstaddir það uppboð voru Júlíus Helgason sjálfur auk Þorsteins Geirssonar, lögmanns Sparisjóðsins, og nokkurra annarra. Aðeins eitt boð kom í eignina, kr. 10.000.00, frá Þorsteini Geirssyni lögmanni. Í trausti þess, að eigandinn gæti bjargað eigninni frá sölu, ákvað uppboðshaldari annað og síðasta uppboð alllöngu síðar með samkomulagi uppboðsaðilja, eða 26. ágúst 1969, til þess að eigandinn hefði lengri tíma til umráða.

Ekki tókst Júlíusi Helgasyni að bjarga við fjármálunum, og

fór uppboðið fram fyrrgreindan dag. Þorsteinn Geirsson lögmaður varð hæstbjóðandi fyrir hönd Sparisjóðs Alpýðu með 60.000.00 króna boð, og krafðist hann útlagningar sem ófullnægður veðhafi. Viðstödd þetta uppboð var Guðlaug Ólafsdóttir, eiginkona Júlíusar Helgasonar, Þorsteinn Geirsson lögmaður og nokkrir aðrir. Uppboðshaldari tók sér 14 daga frest til að taka ákvörðun um boðin.

Nokkrum dögum síðar ræddi yfirborgarféðgetinn í Reykjavík við Þorstein Geirsson lögmann, er hann kveður hafa tjáð sér, að hann hefði heimild Sparisjóðs Alpýðu til að afhenda Júlíusi Helgasyni eignina aftur á sama verði og hann hafði boðið í eignina, sem yfirborgarféðgeti kveðst hafa skilið þannig, að hann ætti að taka að sér að greiða veðskuldina, sem útlagningarkrafan byggðist á. Að þessu heyrðu kveðst yfirborgarféðgeti hafa samþykkt boð sparisjóðsins.

Liðu nú nokkrir dagar, þar til að því kom, að útlagningarafsal yrði gefið út til handa Sparisjóði Alpýðu. Það var gert hinn 15. september 1969. Kveðst yfirborgarféðgetinn þá hafa komist að raun um, að innritað hafi verið í veðmálaskrá tryggingarbréf til handhafa víxils að fjárhæð kr. 250.000.00. Bréf þetta er gefið út hinn 8. september 1969 af Júlíusi Helgasyni með samþykki maka hans, Guðlaugar Ólafsdóttur. Sama dag var bréfinu þinglýst án athugasemda. Víxill þessi var með gjalddaga 8. desember 1969, útgefinn af Guðlaugu Ólafsdóttur, en samþykktur til greiðslu af Júlíusi Helgasyni. Tryggingarbréfið var veðsett með 4. veðrétti í eignarhluta Júlíusar að Sogavegi 172, Reykjavík.

Þegar yfirborgarféðgetinn gaf út framangreint útlagningarafsal til handa Sparisjóði Alpýðu hinn 15. september 1969, lét hann afmá af veðmálaskrá framangreint tryggingarbréf frá 8. september 1969.

Í októbermánuði 1969 kveðst stefnandi hafa fengið greitt fyrir vöruúttekt með ofangreindum víxli. Kveðst hann hafa látið lögmann sinn skoða tryggingarbréfið, áður en hann samþykkti að taka við víxlinum sem greiðslu. Lögmaðurinn kveðst hafa tjáð honum, að þar sem víxillinn væri fasteignatryggður með öruggum hætti og tryggingarbréfið væri þinglesið án nokkurrar athugasemdar, þá ætti að vera fulltrygt að taka við víxlinum sem greiðslu vöruúttektarinnar.

Hinn 10. desember 1969 var víxillinn afsagður sökum greiðslufalls. Hinn 27. desember 1969 ritar lögmaður stefnanda Júlíusi Helgasyni innheimtubréf í ábyrgðarpósti, en þrátt fyrir ítrekaðar

tilkynningar var þess eigi vitjað, og lögmaðurinn fékk bréfið endursent 21. janúar 1970. Um miðjan janúar kveðst lögmaðurinn hafa orðið þess áskynja, hvað gerst hafði um veðið, en þá hafi endanlega verið lokið öllum áfrýjunarfrestum vegna uppboðsins og útgáfu uppboðsafsals.

Hinn 22. janúar 1970 var þingfest víxilmál vegna víxilsins á bæjarþingi Reykjavíkur og síðan kveðinn upp dómur í því máli, bæjarþingsmáli nr. 33/1970. Hinn 29. apríl 1970 var gert fjárnám hjá þeim Júlíusi Helgasyni og Guðlaugu Ólafsdóttur, sbr. málin A 1193/1970 og A 1194/1970, en fjárnámin reyndust árangurslaus. Var þá þrautreynt um innheimtur samkvæmt vixlinum.

Hinn 21. nóvember 1970 ritaði lögmaður stefnanda fjármálaráðuneytinu og yfirborgarfégetanum í Reykjavík kröfubréf vegna framangreindra krafna. Þeim bréfum kveður hann enn ósvarað, en gefið hafi verið í skyn, að krafan yrði ekki greidd nema samkvæmt dómi. Höfðaði stefnandi því næst mál þetta á hendur stefndu hér fyrir bæjarþinginu, svo sem rakið er fyrir í dóminum.

Í greinargerð stefnanda er bótakrafan m. a. studd þeim rökum, að annað hvort hafi uppboðshaldara orðið á mistök að tilkynna ekki þinglýsingadómara um nauðungaruppboð eða þinglýsingadómara með því að tilkynna ekki uppboðshaldara um þinglýsingu tryggingarbréfsins. Allt að einu verði sú athöfn uppboðshaldara að strika út handhafaveð án proclama eða einhvers konar innköllunar eða tilkynningar með fresti að teljast gróft brot á réttarvernd veðréttinda, sem þinglýst séu, og sé bótakrafan endanlega reist á þeim grundvelli, að uppboðshaldara hafi verið ólögmaett að strika veðið út, eins og málum hafi verið háttað. Þá verði uppboðshaldari ex officio að gæta hagsmuna veðhafa, þannig að veð þeirra glattist ekki fyrir hans tilstilli.

Enn getur þetta að líta í greinargerð lögmanns stefnanda: „Lagarök í máli þessu eru kunn og lagagreinar þekktar. Grunnheimild um fébótaábyrgð ríkisins á skaðaverkum (culpa-verkum) starfsmanna sinna er einmitt í vorum dómapraxis í sambandi við mistök þinglýsingardómara. Miðað við nýlegan hæstaréttardóm, sem tekur af skarið um ofboðlítið umdeildan áfrýjunar/eða kærufrest athafna uppboðshaldara, þ. á m. afnám eða útstrikun áhvílandi veða, sem í þokkabót falla ekki í eindaga, fyrr en raunar utan mögulegs áfrýjunar/kærufrests, — þessi bótaábyrgð hins opinbera er vissulega allt að því hlutlæg, segi ég, en vitað er, að ábyrgðin er mjög brýn.“

Þegar mál þetta var flutt munnlega 2. þ. m., krafðist lögmaður

stefndu frávísunar málsins, „þar sem úrlausn málsins varði mat á bótaskyldu stefndu vegna meintra mistaka á dómaraverkum. Slík úrlausn fáist ekki í héraði, sbr. 34. gr. laga nr. 85/1936.“ Þá krafðist lögmaðurinn málskostnaðar í þessum þætti málsins.

Lögmaður stefnanda mótmælti frávísunarkröfunni, í fyrsta lagi sem of seint fram kominni og í öðru lagi vegna þess, að 34 gr. laga nr. 85/1936 eigi ekki við um mál þetta né komi í veg fyrir, að mál-ið verði rekið fyrir héraðsdómi. Enn fremur krafðist lögmaðurinn málskostnaðar í þessum þætti málsins.

Við sama tækifæri féll lögmaður stefnanda frá stefnukröfum á hendur dómsmálaráðherra og yfirborgarfégeta í Reykjavík „og breytti kröfugerð á hendur þeim í réttargæsluaðild.“

Síðan fór fram munnlegur málflutningur um hina framkomnu frávísunarkröfu. Andmælti lögmaður stefndu því, að hún væri of seint fram komin, og enn fremur taldi hann það engin áhrif hafa á framgang kröfunnar, þótt stefnandi hefði fallið frá stefnukröfum á hendur dómsmálaráðherra og yfirborgarfégetanum í Reykjavík.

Lögmaður stefnanda lagði sérstaka áherslu á það, að ef þessi dómur vísaði málinu frá, þá gæti stefnandi ekki náð rétti sínum, þar sem áfrýjunarfrestur í uppboðsmálinu hafi verið liðinn, er stefnandi fékk vitneskju um það, að tryggingarbréfið hefði verið afmáð úr veðmálabókunum.

Niðurstaða dómsins.

Í 34. gr. laga nr. 85 23. júní 1936 eru ákvæði um skaðabóta-ábyrgð dómara af dómaraverkum sínum. Í 2. mgr. þeirrar greinar segir m. a. svo: „Í héraði verður dómari einungis sóttur til greiðslu skaðabóta vegna dómaraaverks í sambandi við opinbert mál út af því eða eftir að refsidómur hefur verið kveðinn upp yfir honum í opinberu máli fyrir afbrot í dómarastarfi í því máli.“

Hvorugt þessara lagaskilyrða er fyrir hendi í þessu máli. Var því ólöglegt að höfða mál þetta fyrir bæjarþingi Reykjavíkur, enda er það hliðsett dómstig uppboðsrétti, og við ákvörðun skaðabótaábyrgðar ríkissjóðs eða dómara vegna dómaraverka hlýtur að koma til mats á því verki, en það er grundvallarregla í réttar-fari, að hliðsettir dómstólar eru ekki færir að dæma um gerðir hvor annars. Það getur einungis æðri dómstóll, og frestur til slíkr-ar málshöfðunar var ekki liðinn í janúar 1970, þegar stefnandi er sagður hafa fengið vitneskju um það, að tryggingarbréfið hefði verið afmáð úr veðmálabókum hinn 15. september 1969, sbr. túlk-un Hæstaréttar Íslands á þeim fresti í dómi, uppkveðnum 25. jan-úar 1950 (Hrd. XXI., bls. 42-44).

Samkvæmt því, sem nú er sagt, ber að vísa máli þessu frá dómi, svo sem krafist er, enda er frávísunarkrafan ekki of seint fram komin, þar sem hún er byggð á settu ófrávíkjanlegu lagaákvæði, er leitt hefði til frávísunar ex officio, enda þótt slík krafa hefði ekki komið fram. Dómar út af sams konar efni og hér er um fjallað hafa alloft gengið áður. Nægir þar að minna á eftirtalda hæstaréttardóma: hæstaréttardómur í X. bindi, bls. 541, XX. bindi, bls. 50, XXI., bls. 42, XXV. bindi, bls. 615, XXXVIII. bindi, bls. 1188 og XLI., bls. 70. Þegar þetta er haft í huga svo og 1. mgr. 180. gr. laga um meðferð einkamála í héraði nr. 85 frá 23. júní 1936, þykir rétt að dæma stefnanda til að gjalda stefndu málskostnað. Sá málskostnaður telst hæfilega ákveðinn kr. 25.000.00.

Magnús Thoroddsen borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Stefnandi, Eiríkur Ketilsson, greiði stefndu, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, dómsmálaráðherra og yfirborgarfégetanum í Reykjavík, kr. 25.000.00 í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.